

Varðar umsögn um: 429. mál, lagafrumvarp 148. löggjafarþing 2017-2018 Þingiskjal 611 frumvarp til laga um breytingar á stjórn fiskveiða, nr. 116/2006 (strandveiðar)

Smábátafélagið Hrollaugur á Hornafirði álitur að til að markmið frumvarpsins um almenna eflingu strandveiðikerfisins og auknum öryggisþætti þess nái fram að ganga þurfi að gera töluverðar umbætur á frumvarpinu sem tryggja strandveiðimönnum jafn gott og öruggt strandveiðikerfi allt í kringum landið.

- **12 dagar séu tryggðir**

Hverjum báti verða að vera tryggðir 12 dagar í mánuði í 4 mánuði á ári frá 1.maí ár hvert til 31.ágúst án nokkurs vafa. Samtals 48 veiðidaga á hvern bát í strandveiðikerfinu.

Heimild fiskistofu til að stöðva veiðar eftir að einhverjum heildarpotti er náð verður að fara út úr frumvarpinu .

- **Öryggismarkmið**

Til að öryggismarkmið frumvarpsins nái fram að ganga verður að gefa strandveiðibátum meira svigrúm innan hvers mánaðar til að nýta sína veiðidaga og hliðra þeim til eftir veðri og vindum innan hvers mánaðar.

Til að slík öryggismarkmið nái fram að ganga verða að minnsta kosti sunnudagar að vera settir inn sem veiðidagar í stað þess að vera banndagar eins og verið hefur. Þetta er lykilatríði til þess að efla öryggi á strandveiðum og til að ná spennuni úr kerfinu.

Með því að sunnudagar kæmu inn sem veiðidagar myndi í stað þess að strandveiðimenn hafi 4 veiðidaga upp á að hlaupa með val á veiðidögum þá yrðu dagarnir til að hliðra veiðum í hverjum mánuði 8. Með þessu næðist að ná allri spennu úr kerfinu og menn myndu ekki neyðast til að róa í miklum brælum til þess eins að ná sínum dögum.

- **Ufsi og annar meðafli við strandveiðar.**

Það er ljóst að mörg þúsund tonn brenna inni af óveiddum ufsa á hverju ári í fiskveiðistjórnunarkerfinu. Þær tölur eru allar aðgengilegar hjá fiskistofu. Samkvæmt tölum fiskistofu brunnu tæplega 4.000 tonn inni af ufsa á síðasta fiskveiðiári. Þetta gríðarleg soun á tækifærum til að efla atvinnu og byggðir í kringum landið.

Strandveiðibátum verður að vera heimilt að koma með eins mikinn ufsa og þeir vilja sem meðafli á hverjum degi ofan á sinn strandveiðiskammt í þorski þar til að heimildum sem brenna inni verður náð ár hvert. Tekjur af þeim meðafli eiga allar að renna til þeirra sem hann veiða enda til að efla atvinnu þarf að eiga sér stað tekjumyndun.

Þjóðin verður af miklum tekjum vegna vannýtttra aflheimlda í ufsa á hverju ári sem er skammarlegt þegar strandveiðimönnum skortir tekjur til að reka báta sína.

Engin hættu er á ofveiði á tegundinni. Hömlur eru miklar nú þegar á bátana innan kerfisins, 14 klst veiðidagur, 12 dagar í hverjum mánuði, bátarnir eru ekki með mikla burðargetu og menn geta aðeins farið a sjó einu sinni á hverjum sólahring.

- **Svæðaskipting innan kerfisins**

Svæðaskipting verði látin halda sér í strandveiðikerfinu svo ekki verði mikið um tilfærslu báta á milli landsvæða.

- **Eignarhald báta innan kerfisins**

Eignarhald verði hert á strandveiðiflotanum þannig að komið verður í veg fyrir að aðrir rói á strandveiðibátum en þinglýstir eigendur þeirra.

Muni engar breytingar verða gerðar á frumvarpinu til betri vegar fyrir strandveiðikerfið kjósum við í Hrollaugi óbreytt strandveiðikerfi , en það kerfi er mun betra kerfi en það sem óbreytt frumvarp miðar að. Það er einlæg ósk okkar að frumvarpinu verði breytt á þann veg sem umsögn okkar leggur til. Mikil sátt myndi skapast um þessar veiðar og kerfið yrði jafn gott fyrir alla strandveiðimenn og allar byggðir allt í kringum landið. Þjóðin á það skilið.

Hornafjörður 05.04.2018

Vígfús Ásbjörnsson Formaður Smábátafélagsins Hrollaugis á Hornafirði